

Ed.

146. Frumvarp til laga

[42. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. des.)

1. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. september 1981, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar útflutningsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil að frádregnum 2.286% gengismun til 9. nóvember 1981, en þar á eftir 2.136% gengismun.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Gengismun, sem myndast samkvæmt ákvæðum 1. málsgr., skal eingöngu verja til að bæta stöðu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og rennur hann óskiptur til hlutaðeigandi deilda sjóðsins.

Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem þessi lög taka til.

2. gr.

Nú ákveður Seðlabanki Íslands að endurgreiða gengisuppfærslu á endurkeyptum afurða- og rekstrarlánnum vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 og skulu þá allt að 29 millj. kr. þeirrar endurgreiðslu, sem kemur á afurðir sem Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins tekur til, renna til freðfiskdeildar sjóðsins, en afgangurinn skiptist hlutfallslega á aðrar hlutaðeigandi deildir sjóðsins.

3. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að veita ríkisábyrgð fyrir lánnum til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Liggi ríkisábyrgð fyrir, er sjóðsstjórn Verðjöfnunarsjóðs heimilt að taka lán í því skyni að gera einstökum deildum sjóðsins kleift að standa við skuldbindingar sínar. Lán þessi mega þó aldrei nema samtals meiru en 70% af heildarinnistæðu í Verðjöfnunarsjóði hverju sinni.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.